

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á opnum tollkvótum á hreindýrakjöti og nautahakki.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<b>Tollskrárnúmer:</b>	<i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst</i>				
0202.3001	Hakkað	01.07.07- 30.06.08	ótilgreint	0	306
	<b>Annað kjöt, fryst - vöruliður 0208:</b>				
<b>Tollskrárnúmer:</b>	<i>Hreindýrakjöt</i>				
0208.9007	Beinlaust hreindýrakjöt, fryst	01.07.07- 30.06.08	ótilgreint	0	464
0208.9008	Hreindýrakjöt með beini, fryst	01.07.07- 30.06.08	ótilgreint	0	464
<b>Úr tollskrárnúmer:</b>	<i>Hreindýrakjöt í heilum og hálfum skrokkum</i>				
0208.9008	Hreindýrakjöt í heilum og hálfum skrokkum	01.07.07- 30.06.08	ótilgreint	0	0

#### 3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2008.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 31. maí 2007.*

F. h. r.  
**Ólafur Friðriksson.**

\_\_\_\_\_  
*Atli Már Ingólfsson.*